

Fundargerð

Efni fundarins:

Dags.fundar 15.12.2016	Staðsetning: Símafundur	Fundur settur: 15:00
Fundarboðari: Austurbrú /GÁ.J.	Fundarritari: Katrín Reynisdóttir	Fundi slitið: 15:35

Fundarboðun send á / mættir og forfallaðir:

Mættir:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar	Tölvupóstur
x	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú ses	gudrun@austurbru.is
x	Katrín Reynisdóttir	Austurbrú ses	katrin@austurbru.is
x	Árni Óðinsson	Landsvirkjun	arni.odinsson@landsvirkjun.is
x	Geir S. Hlöðversson	Alcoa	geir.hlodversson@alcoa.com
Fjarv.	Marinó Stefánsson	Fjarðabyggð	marino.stefansson@fjardabyggd.is
x	Freyr Ævarsson	Fljótshálsa	freyr@egilsstadir.is

Efni / dagskrá:

1. Fundur settur

2. Mál á dagskrá

2.1. Fulltrúi í stýrihóp í staðinn fyrir Fríðu Björgu (Landvernd) sem hætt í stýrihópi fyrr á árinu.

2.1.1. Hjalti Jóhannesson hjá Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri kemur í stýrihópinn í staðinn fyrir Fríðu.

2.2. Samningur við Austurbrú um umsjón verkefnisins – endurnýjun.

2.2.1. Eftirfarandi athugasemdir komu fram við drög að samningi;

3. gr. Breytingar á tímagjaldi milli ára skulu fylgja launavísitölu opinberra starfsmanna.

Setningin verði felld út.

3. gr. Skulu þeir greiddir eigi síðar en 30 dögum eftir dagsetningu....

Alcoa miðar við 60 daga greiðslufyrirkomulag. Geir skoðar málið innan síns fyrirtækis og lætur Guðrúnu vita sem útbýr nýjan samning og sendir á fulltrúa fyrirtækjanna í stýrihóp sem kynna samningsdrögin innan sinna fyrirtækja.



2.3. Áætlun næsta árs – áhersluverkefni.

2.3.1. Aðeins fleiri tímar í áætluninni í þróunarvinnu fyrir árið 2017 sem er í raun í samræmi við það sem talað var um á síðasta ársfundi. Vísað til næsta snertifundar í janúar til nánari útfærslu.

2.4. Framvinda verkefnisins 2016.

2.4.1. Starfsskýrsla um hvað var gert á árinu 2016. Mjög gott að fá svona yfirlit. Mikilvægt upp á söguna að það sé skjalfest hvernig hlutirnir gengu fyrir sig.

2.5. Þema ársfundar 2017 – fyrstu hugmyndir.

2.5.1. Um er að ræða 10 ára afmælisfund og verður þema fundarins rætt á næsta fundi stýrihóps. Árni og Geir munu skoða málið innan sinna fyrirtækja.

2.6. Fundaáætlun næsta árs.

2.6.1. Setja markmið um þau tímabil sem áætlað er að funda á svo fundir falli síður niður en stefnt er 4-6 á ári. Næsti fundur verði snertifundur sem haldinn verði á Egilsstöðum eða Reyðarfirði, 31. jan, kl. 13:00-17:00. Guðrún sendir út fundarboð með fyrirbyggjandi dagskrá.

3. Önnur mál

3.1. Sigrún verður væntanlega fjarverandi að mestu leyti í allan vetur og stefnir Austurbrú á að fá auka starfsmann að verkefninu í hennar stað.

3.2. Árni og Jóhanna (frá Landsvirkjun), Geir og Magnús (frá Alcoa Fjarðaál) hittust í byrjun nóvember og ræddu um að Félagsvísindadeild Háskólans myndi gera úttekt á sjálfbærni-verkefninu. Meginmarkmið úttekarinnar er að;

- Að leggja mat á þá mælikvarða sem valdir hafa verið í sjálfbærni-verkefninu, hvernig þeir voru valdir og hvernig þeir eru notaðir.
- Að greina samfélagsmælikvarða með hliðsjón af félagsvísnum sem gefnir eru út af Hagstofu Íslands.

M.a. yrðu viðtöl tekin við einstaklinga á svæðinu um verkefnið og hvernig það þjóni best tilgangi sínum. Menn sammála um að úttektin sé mjög jákvæð fyrir verkefnið og gæti leitt til betri tengingu við háskólaumhverfið og opnað dyr inn í háskólasamfélagið. Mælst til þess að fulltrúi HÍ mæti á næsta fund og geri frekari grein fyrir úttekinni.

Verkefni ákveðin á fundinum:

Verkefni	Ábyrgur:	Ljúkist fyrir
Hafa Samband við Hjalta Jóhannesson	Guðrún	
Boða fund 31. jan 13:00-17:00	Guðrún	



Fylgiskjöl fyrir fund:

- Afrit af kostnaðaráætlun sjálfbærni-verkefnis Alcoa og Landsvirkjunar fyrir árið 2017
- Framvindurskýrsla sjálfbærni-verkefnisins 2016
- Drög að endurnýjuðum samningi um ráðgjafabjónustu Austurbrúar vegna sjálfbærni-verkefnisins
- Drög að samningi um þátttöku Hjalta Jóhannessonar hjá Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) í stýrihóp Sjálfbærni-verkefnis Alcoa og Landsvirkjunar

